

41. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 21. desember 2006 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs. 2. Nýtt skjalakerfi hjá Kópavogsbæ, 3. Útgefin rit sem Héraðsskjalasafn eignaðist árið 2006. 4. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. Til umræðu var *Samþykkt fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs* sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundum 28.11. sl., er undirrituð af bæjarstjóra Kópavogs og bíður nú staðfestingar þjóðskjalavarðar. Þegar þessi samþykkt hefur verið staðfest leysir hún af hólmi „Samþykkt fyrir bæjarskjalasafn Kópavogs“ frá 12. 12. 2000.

Nokkrar umræður urðu um nýju samþykktina, einkum að ekki skuli vera þar að finna sambærilega grein við 3. grein 4. lið í eldri samþykkt þar sem hlutverk Héraðsskjalasafns Kópavogs er að „hafa eftirlit og yfirumsjón með allri skjalavörslu embætta og stofnana Kópavogsbæjar og veita leiðbeiningar þar um.“ Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs sér ekki betur en þetta hlutverk héraðsskjalasafnsins færir þá til Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við 6. grein laga nr. 66/1985. Héraðsskjalavörður lagði fyrir fundinn bréf sem hann sendi sviðsstjórum allra fimm sviða Kópavogsbæjar 17. 11. 2006 „Um skjalavörslu í Kópavogsbæ og ábyrgð á henni“ ásamt bréfi frá bæjarritara til Héraðsskjalasafns Kópavogs 23.11.2006 „Skjalavarsla hjá Kópavogsbæ“. Í bréfi sínu beindi bæjarritari því til héraðsskjalavardar „að hann virði þau skil, sem eru á milli starfssviðs safnsins og skjalavörslu stjórnarsýslu Kópavogsbæjar.“

2. *Nýtt skjalavistunarkerfi hjá Kópavogsbæ*. Gerð var grein fyrir frétt af heimasíðu Kópavogsbæjar um að samið hafi verið við hugbúnaðarfyrirtækið OneSystems um að kaupa af því skjala- og málakerfi, auk annarra kerfa, sem m.a. munu auka þjónustu bæjarfélagsins við íbúa bæjarins. Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs vonar að þessi kaup verði safninu og Kópavogsbæ til góðs. Í tilefni af þessari frétt leggur héraðsskjalavörður fram bréf frá þjóðskjalaverði frá 7.9.2006 þar sem hann tekur fram að

Þjóðskjalasafn hafi ekki veitt almennt samþykki um að búnaður OneSystems henti til þarfa þess. Þurfi því að fara yfir hugbúnaðinn með sérfræðngum Þjóðskjalasafns sem eru jafnan boðnir og búnir að veita héraðsskjalasöfnum nauðsynlega aðstoð.

3. *Útgefin rit sem HéraðsskjalasafnKópavogs eignaðist árið 2006.* Héraðsskjalavörður lagði fram lista yfir rit um a) skjalfræði og skjalavörslu, b) lögfræði, c) sagnfræði, d) uppflettirit og e) tímarit og blöð sem safninu hefur áskotnast á árinu. Ritanna verður nánar getið í árskýrslu.
4. *Önnur mál.* Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.15
Fundarritari Bjarni Ólafsson